

Pórunn Sigurðardóttir

**„Jakobs angur eitt var mest / eftir Jósep góða ...“
Harmatölur í kveðskap frá 17. öld***

Lækningamáttur ljóðlistar og tónlistar

Frá örófi alda hefur verið litið á tónlist og ljóðlist sem græðandi afl fyrir sálræna heilsu manna (Thompson 1978:209–210). Þetta hefur gilt bæði um þá sem skapa listina og hina sem hlusta á, lesa, kveða eða syngja það sem ljóðskáldin og tónskáldin hafa samið. Þetta viðhorf til tónlistar má t.a.m. finna í Biblíunni. Í Fyrri Samúelsbók, 16. kafla, segir frá því hvernig þjónar Sál fara að því að létta hugarangur hans. Þeir stinga upp á því að finna mann sem kann að leika á hörpu. „Þá mun svo fara“, segja þeir við Sál, „að þegar hinn illi andi frá Guði kemur yfir þig, og hann leikur hörpuna hendi sinni, þá mun þér batna.“ Þetta gekk eftir því að jafnan þegar hinn illi andi kom yfir Sál lék Davíð, sem þjónar Sál höfðu fundið og fært til Sál, á hörpu sína svo „bráði af Sál og honum batnaði“ (*Biblían* 1981). Þá hugsun að tónlist og ljóðlist geti létt mönnum lífið á erfiðum stundum má finna víða í heimildum frá 17. öld, t.d. í kvæðum sem virðast ort í þeim tilgangi að hugga. Hér má nefna sem dæmi kvæði frá 17. öld sem séra Guðmundur Ólafsson á Söndum orti, en þar segir í öðru erindi „Það er mín hollust harmabót / hugann og mál að hræra“ (Lbs 837 4to:370–371). Geta má þess hér til gamans að Páll Eggert Ólason segir um Guðmund þennan í *Íslenzkum æviskrám* að hann hafi verið söngfróður og kennt söng. Faðir Guðmundar var séra Ólafur Jónsson á Söndum (d. 1627) sem einnig var þekktur fyrir að vera mikill söngmaður.¹ Í mörgum afskriftum kvæðabókar Ólafs er að finna lög við kvæðin.² Séra Ólafur gerir grein fyrir ætlun sinni með skáldskap sínum í fyrirsögnum fyrir köflum bókarinnar og einnig í kvæði sem hann nefnir „Til lesarans“ (sjá t.d. ÍB 70 4to:110 o.áfr.). Þar segir hann:

* Þetta er aukin og endurbætt gerð greinar sem birtist í *Kirkjuritinu* 67/2 (2000):31–38.

¹ Upplýsingar um fæðingar- og dánarár í greininni eru fengnar úr *Íslenzkum æviskrám* eftir Pál Eggert Ólason.

² Ýmsir hafa talið að séra Ólafur hafi sjálfur samið lög við sum kvæði sín (Jón Þorkelsson 1888:456; Bjarni Þorsteinsson 1906–1909:51, 207–208; Sigurjón Einarsson 1960:108), en ekki hefur þó verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti, sbr. Finnboga Guðmundsson 1993.

Helst hef ég annarra hrellda sál
til huggunar viljað hvetja,
blíðleg orð og brjállost mál
í braginn því gjört að setja.

Hvar ég spurði af hjörtum þeim
sem hlóðust sorgar þjósti,
út ég lokaði angurs kvein
en efldi gleði í brjósti.³ (13.–14. er.)

Með skáldskap sínum ætlar séra Ólafur að hugga hrelldar sálir og gleðja þær. Hið sama ætlar séra Guðmundur Erlendsson í Felli í Sléttahlíð (um 1595–1670) að gera með kvæði sem ber yfirskriftina „Söngvísa til huggunar þeim sem í sjó eða vötnum missa sína ástvini“. Kvæðið hefst á þessu erindi:

Söng minn, sorgandi maður,
sérhvör sem ástmann þreyr,
lesi og lyndis glaður
lifi þaðan af meir. (JS 232 4to:23r–24r)

Enn annað dæmi um þá hugsun að tónlist og ljóðlist geti linað þjáningar hugans er sorgarljóð séra Jóns Einarssonar í Stærra-Árskógi (d. 1674) sem hann orti eftir að hafa misst konu sína og tengdaföður í sjóinn. Kvæðið hefst á þessu erindi:

Þrátt mig þjáði lengi
þögn og hugarins þín
herðir á ljóðastrengi
harmafiðlan mín
hún er sett í góma göng
hver mun vilja hlusta til
að hlýða sorgarsöng.⁴

Í þessari vísu má greina a.m.k. þrjú atriði sem varða þessa hugmynd. Í fyrsta lagi kemur fram að þögn og hugarangur hefur kvalið ljóðmælanda.

³ Sigurjón Einarsson prentar þessi erindi í grein sinni 1960:104.

⁴ Jón Samsonarson gaf þetta kvæði út stafrétt í *Griplu* 1982:21–26 eftir handritinu ÍB 387 8vo. Hér er stafsetning færð til nútímahorfs eins og annars staðar í þessari grein.

Í öðru lagi má skilja orð vísunnar sem svo að harmurinn þurfi að brjótast út í ljóði – eftirtektarvert er að talað er um strengi og fiðlu í þessu samhengi. Ljóðmælandi ætlar ekki aðeins að fá útrás fyrir harminn í ljóði, heldur einnig í tónlist og hann setur harmafiðluna því í „góma göng“, þ.e. munninn eða kokið. Í þriðja lagi þarf ljóðmælandi áheyranda/áheyrendur til þess að aðferðin virki og hann spyr því hver vilji hlusta á sorgarsönginn. Í þessu erindi birtist tilgangur ljóðsins í hnotskurn: Til að yfirvinna harminn sem drukknun konu hans hefur valdið honum ætlar séra Jón að yrkja sorgarsöng og væntanlega syngja hann eða fara með sér til hugarléttis.

Svipaðar hugmyndir má einnig finna í lausu máli. Jón Ólafsson úr Grunnavík minnst á söng í Hagþenki, ritgerð sem hann skrifaði árið 1737 og fjallar um menntun Íslendinga. Þar segir Jón að „eigi sé þörf að leggja sig meir eftir honum [söngnum] en dugir til almenns sálmasöngs“, en bætir því svo við að söngur sé „huganum indælt og styttir þönkunum dægur“ (1996:47–48). Af orðum Jóns að dæma hefur verið ætlast til þess að fólk syngi sálma og það talið vera bæði hollt fyrir sálina og mönnum dægrastytting. Löngu áður, eða árið 1589, hafði Guðbrandur biskup Þorláksson rætt um áhrifamátt sönglistar og ljóðlistar í formála sínum að sálmaþókinni:

... þegar þar kemur til samans mjúk málsnilld orðanna og fagurlegt lag og sæt hljóðagrein, þá fær sá söngur nýjan kraft og gengur dýpra til hjartans og hrærir það og uppvekur til Guðs. Hvar fyrir skyldi ellegar S. Páll áminna oss um lofsöngva og andleg ljúfleg kvæði að syngja fyrir Drottni? (1589:5v)⁵

Sálmar og andleg kvæði drottni til dýrðar voru á 17. öld ort bæði til kirkjusöngs og notkunar í heimahúsum. Margrét Eggertsdóttir bókmenntafræðingur gerir því skóna í þriðja bindi *Kristni á Íslandi*, að allur sá fjöldi sálma og andlegra kvæða sem hefur ekki verið prentaður en er til í handritum, oft í mjög mörgum uppskriftum hvert kvæði, beri vitni um miklar vinsældir, útbreiðslu og notkun sálmanna í tengslum við heimilisguðrækni. Hún nefnir mörg dæmi sem benda til þess að ætlast hafi verið til þess að menn syngju sálma í daglegu lífi, við hin

⁵ Hér vísar Guðbrandur í Bréf Páls til Efesusmanna 5.19. Páll Eggert Ólason birti mestan part formálans í *Mönnum og menntum* II:608–612 og Magnús Guðmundsson prófastur birti hann allan í *Kirkjuritinu* 1972:124–30. Hluti af formálanum er einnig prentaður í *Sýnisbók íslenzkra bókmennta* 1953:327–331.

ýmsu tækifæri (2000:184 o.áfr.). Hér er um að ræða morgunsálma, kvöldsálma, nýárssálma, ferðasálma, brúðkaupssálma, sálma til að fara með í freistingum og mótlæti og margar fleiri tegundir.

Við hlið sálmanna blómstruðu kvæði af þeirri tegund bókmennta sem kölluð hafa verið tækifærisljóð.⁶ Ýmsar tegundir tækifærisljóða náðu miklum vinsældum á 17. öld, t.d. erfiljóð og brúðkaupskvæði, og má segja að öll helstu skáld aldarinnar hafi lagt stund á tækifærisljóð jafnframt sálmunum (sjá t.d. Þórunni Sigurðardóttur 1996:9 o.v.). Ein tegund tækifærisljóða var harmljóð sem ort var til huggunar þeim sem misst höfðu ástvini sína, harmljóð á borð við það sem séra Jón Einarsson í Stærri-Árskógi orti (sjá að framan). Hér á eftir ætla ég að fjalla um tvö slík harmljóð og sýna fram á að tegundin hafi annars vegar þjónað þeim tilgangi að losa um sorgarbönd skáldsins eða þess sem kvæðið var ort til – ákveðinna syrgjenda – og hins vegar hafi þau verið notuð almennt af syrgjendum til þess að sefa sorgir vegna ástvinamissis. Ég tel að fólk hafi farið með þessi ljóð, kveðið þau eða sungið sér til huggunar. Kvæðin eru bæði eftir séra Guðmund Erlendsson í Felli í Sléttuhlíð, sem nefndur var hér að framan, en hann var uppi á 17. öld. Annað kvæðið orti Guðmundur eftir lát systur sinnar, ónafngreindrar, en hitt orti hann í orðastað Halldóru Guðbrandsdóttur eftir lát föður hennar, Guðbrands biskups Þorlákssonar (d. 1627).

Raunasögur úr Biblíunni og raunatal ljóðmælanda: tvær aðferðir til huggunar

Í ljóðinu sem séra Guðmundur Erlendsson orti eftir lát systur sinnar, og geymir yfirskrift þessarar greinar, „Jakobs angur eitt var mest / eftir Jósep góða“, er sagt frá persónum í Gamla testamentinu sem syrgja ástvini sína.⁷ Í upphafserindi harmljóðsins er sagt frá því að Adam hafi syrgt son sinn Abel alla ævi og hvorki notið svefns né matar. Í öðru erindi er sagt frá angri því sem Jakob fékk eftir Jósep, son sinn. Þá er í þriðja erindi greint frá láti Rakelar sem dó af barnsförum á veginum til Efrat og eykur mjög angur Jakobs, eins og segir í kvæðinu. Í fjórða erindi segir frá því er Davíð harmar son sinn Absalon og í því fimmta er vísað til sögunnar af Job hinum raunamædda, sem grét börnin sín, en að

⁶ Reyndar má einnig tala um tækifærisálma, eins og upptalningin hér að ofan ber með sér.

⁷ Fyrsta erindið og viðlagið er birt í inngangi Jóns Helgasonar að ljósprentun *Kvæðabókar úr Vigur*:66. Jón Samsonarson birtir viðlagið í *Kvæðum og dansleikjum* II:253. Hann fer eftir handritinu JS 232 4to.

lokum er í sjötta erindi fjallað um sorg Gyðingalands vegna ungbarna sem deydd voru á Efraímsbyggð.⁸ Í sjöunda erindi er talað um einmana fugl á víðigrein sem hirðir ekki um að afla sér matar vegna makamissis. Þá er í næstu erindum fjallað almennt um ástvinamissi, sorgina sem hann veldur, og líknina, sem felst í því að snúa sér til Krists. Í þessum síðasta hluta ljóðsins talar einnig ljóðmælandi, sem hefur misst ástvini sína, og lýkur ljóðinu á því að hann ávarpar systur sína látna og segir: „[Þ]ér æ ég ann“. Þessi orð gefa ekki aðeins til kynna að ljóðmælandi muni aldrei gleyma systur sinni, heldur einnig að hann hafi sætt sig við lát hennar; þó að hún sé farin burt úr hinu jarðneska lífi er hún ennþá til í huga hans, sem og í kvæðinu.

Aðferðin sem notuð er í kvæðinu til að setta syrgjendur við missi ástvinarins er að minna á raunasögur úr Biblíunni. Það er huggun að vita að maður er ekki einn á báti; að aðrir hafi liðið sams konar þjáningar. Á þeim tíma sem Guðmundur Erlendsson yrkir kvæðið eftir systur sína er orðið vinsælt viðfangsefni hjá skáldum að snúa sögum úr Biblíunni í bundið mál. Fjöldi rímna var ortur út af Biblíunni og í mörgum sálmum, eða andlegum kvæðum, má finna persónur og atburði sem sagt er frá í hinni helgu bók. Slík kvæði voru ort undir nýjum bragarháttum sálmakveðskapar, en skáldin færðu þau einnig í búning alþýðlegra bragarháttanna. Aðalhvatamaður þess að skáld tóku að yrkja biblíurímur og kristileg kvæði undir fornum og alþýðlegum bragarháttum var Guðbrandur Þorláksson, biskup á Hólum (sjá t.d. Pétur Sigurðsson 1923–1924:66–68). Guðbrandur hafði fengið prestana Einar Sigurðsson í Heydölum (1538–1627) og Jón Bjarnason í Presthólum (16. og 17. öld) til að yrkja biblíurímur fyrir Vísnaþókina, sem út kom árið 1612. En afkastamestu biblíurímnskáld 17. aldarinnar (næstu kynslóðar á eftir þessum tveimur) voru þeir séra Jón Magnússon í Laufási (1601–1675) og séra Guðmundur Erlendsson í Felli, sem hér er til umfjöllunar.⁹ Séra Guðmundur orti einnig margt kvæða út af sögum Biblíunnar, eins og reyndar flest helstu skáld, a.m.k. úr

⁸ Hér er trúlega verið að vísa í frásögnina af því er Heródes lét myrða öll sveinbörm í Betlehem og nágrenni, sbr. Matteusarguðspjall 2.16–18; Jeremía 31.15.

⁹ Biblíurímur séra Guðmundar Erlendssonar má einkum finna í kvæðabók hans Gígiu, sem varðveitt er í handritum á handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns undir safnmörkunum JS 232 4to og Lbs 1055 4to.

prestastétt, gerðu á 17. öld.¹⁰ Hann orti t.a.m. sjö sálma um þíning Krists, sem prentaðir voru með 1. og 2. útgáfu Passíusálma Hallgríms Péturssonar (sem er efalaust þekktasti kvæðabálkur ortur út af frásögnum Biblíunnar á íslensku), sem út komu 1666 og 1682. Önnur biblíukvæði eftir Guðmund eru Barnarós út af orðskviðum Salómons, Jobsraunir, Elíasvísur og Akabsljóð, svo nokkur séu nefnd (Páll Eggert Ólason 1926:759, 762; sjá einnig JS 232 4to og Lbs 1055 4to).

Tilgangur skáldanna með því að snúa biblíusögum í bundið mál var einkum þríþættur. Í fyrsta lagi var þessi kveðskapur liður í baráttu kirkjunnar manna gegn veraldlegum rímum og blautlegum kveðskap, eins og Guðbrandur biskup gerir grein fyrir í formálum sínum að Sálmaþóki 1589 og Vísnaþóki 1612. Í staðinn fyrir að kveða rímur af fornköppum og kirja klámvísur áttu menn að fara með biblíurímur og syngja kristileg kvæði. Í öðru lagi voru þessi kvæði ort til þess að fræða almúgann, til þess að fólk festi sér betur í minni orð og sögur Biblíunnar. Guðbrandur biskup nefnir þetta atriði í formálanum að Sálmaþóki 1589. Þar segir hann: „allir menn geta miklu fljótara lært og numið vísur og kvæði heldur en annað óbundið mál. Þar með halda menn því betur í minni og gleyma því miklu síður.“ Þessa sömu hugsun má einnig finna í formála Hallgríms Péturssonar fyrir sálmum sínum upp úr Fyrstu Samúelsbók (sjá Magnús Jónsson 1947:309). Í þriðja lagi voru kvæði sem fjölluðu um atburði og persónur úr Biblíunni sem menn áttu að taka sér til eftirbreytni, því að „Biblíu bækur halda / bevísleg dæmin góð“, eins og segir í erfiljóði Hannesar Helgasonar Skálholtsráðsmanns (d. 1653) sem hann orti eftir Vigfús Gíslason (d. 1647) sýslumann (ÍB 380 8vo:233–245).¹¹

Í harmljóði Guðmundar Erlendssonar eftir systur sína eru biblíusögur notaðar í öðrum tilgangi en hér hefur verið lýst; í þeim tilgangi að létta sorginni af hrjáðum huga. Með því að rekja dæmi úr Biblíunni, þar sem menn syrgja látna ástvini sína, bendir skáldið á að allir sem elska hljóti einhvern tíma að verða fyrir þeirri sorg að missa.

¹⁰ Hallgrímur Pétursson orti ekki aðeins Passíusálmana, hann orti einnig sálmaflokk út af Fyrstu Samúelsbók o.fl. Hér má einnig nefna séra Jón Þorsteinsson píslarvott (um 1570–1627) sem orti Genesis-sálma út af Fyrstu Mósebók og Davíðssálma, sem voru hvorirtveggja prentaðir um miðja 17. öld.

¹¹ Kvæðið er einnig í Lbs 1158 8vo:84–94 og Lbs 2030 4to II (frá 12. erindi, skrifað upp eftir Lbs 1158). Tilvitnunin er tekin úr 7. erindi kvæðisins.

Viðlagið sem endurtekið er í lok hvers erindis undirstrikar þetta, en það hljóðar þannig: „Þeim er hægt að þreyja sem engum ann.“

Þessi aðferð, að rekja raunir annarra til að létta mönnum erfiði og mýkja harm, er þekkt frá öðrum tímum. Í fornenska tregrófinu „Deor“ vinnur skáldið Dýri (Deor) úr sorgum sínum með því að rekja raunir fornra germanskra hetja (*Seven Old English Poems* 1981).¹² Saga heilagrar Margrétar er talin hafa á kaþólskum tíma (og jafnvel lengi eftir að siðbreytingin gekk í garð) verið notuð til þess að létta konum jóðsóttina (Ásdís Egilsdóttir 1990 og 2002; sbr. Jón Steffensen 1975a). Að vísu tengdist hún trú á íhlutun dýrlinga á þann hátt að handrit sem innihélt söguna var gjarnan bundið við læri hinnar fæðandi konu, en ekki er ólíklegt að sagan hafi einnig verið lesin/sögð til að draga athygli fæðandi kvenna frá fæðingarhríðunum. Í sumum handritum sögunnar eru einnig varðveittar bænir (Ásdís Egilsdóttir 2002:320) sem hefur átt að fara með yfir konunum. Sú hugmynd hefur einnig verið sett fram að eddukvæðið Oddrúnargrátur, þar sem Oddrún syngur harmsögu sína fyrir Borgnýju sem er í barnsnauð, hafi verið notað á þann hátt (Jón Steffensen 1975b:204). Frá 17. öld má nefna huggunarkvæði séra Jóns Magnússonar í Laufási til séra Guðmundar Erlendssonar og konu hans, Guðrúnar Gunnarsdóttur (d. 1668), vegna drukknunar sonar þeirra, Jóns, í Eyjafjarðará árið 1649 (ÍB 816 8vo:79r–82r. Upphaf: Systkin sæl í Guði). Í kvæðinu eru raktar sögur af persónum í Biblíunni sem höfðu verið myrtar eða dáíð af slysförum. Tilgangur skáldsins virðist vera að hugga foreldrana með því að sýna þeim fram á að drukknun sé ekki vondur dauðdagi. En á þessum tíma skipti miklu máli hvernig menn dóu, það gat gefið til kynna hvort þeir væru hólpnir eða ekki (Ariés 1981:109; 300–301). Menn trúðu því að góðir menn og guðhræddir fengju hægán dauðdaga en vondir menn harðan (Jónas Jónasson 1911:382), eins og sést í ófáum erfiljóðum frá 17. öld, sem leggja mikla áherslu á góðan og fallegan dauða (sjá Þórunni Sigurðardóttur 1996:30 o.áfr. og 2000:145 o.áfr.).

Önnur aðferð til að fá útrás fyrir sorg vegna ástvinamissis var að syngja eða tala sjálfur. Í slíkum kvæðum talar ljóðmælandi um harm sinn en lækningarmáttur þess felst í því að hann talar sig um leið frá harminum. Hugmyndina um „að kveða af sér sorgina“ má finna víða í bókmenntum frá ýmsum tímum. Alþekkt er sagan af því þegar Egill Skalla-Grímsson lagðist í rekkju af harmi vegna sona(r)missis, til að

¹² Kvæðið er varðveitt í handriti frá s.hl. 10. aldar.

svelta sig í hel, en var með brögðum fenginn til að hætta við það og yrkja þess í stað erfikvæði eftir syni sína, Sonatorrek. Í sögunni er sagt að „Egill tók at hressask svá sem fram leið at yrkja kvæðit“ (*Egils saga Skalla-Grímssonar* 1933:256). Fleiri dæmi má finna í íslenskum miðaldaheimildum. Í *Landnámabók* segir frá því hvernig Egill Völu-Steinsson fer að því að fá föður sinn til að sætta sig við sonarmissi: „Gestr Oddleifsson sótti haustboð til Ljóts; þá kom þar Egill Völu-Steinsson ok bað Gest, at hann legði ráð til, at föður hans bættisk helstrið, er hann bar um Ögmund, son sinn. Gestr orti upphaf at Ögmundardrápu“ (*Íslendingabók. Landnámabók* 1968:184). Í skýringum Jakobs Benediktssonar neðanmáls segir að ætlunin hafi verið að Völu-Steinn héldi áfram kvæðinu til að kveða af sér sorgina (1968:184–185nm). Frá 17. öld má nefna sem dæmi kvæði sem mörgum eru kunnug, harmljóðin tvö sem Hallgrímur Pétursson orti eftir dóttur sína Steinunni (Þórunn Sigurðardóttir 1997). Annað dæmi væri sorgarljóð Jóns Einarssonar í Stærra-Árskógi (sjá framar). Þessa aðferð notar Guðmundur Erlendsson í kvæðinu sem hann yrkir fyrir munn Halldóru Guðbrandsdóttur. Í því lætur hann Halldóru tala um sorg sína vegna andláts föður síns. Kvæðið hefst á þessu erindi:

Lausnarinn, ljúfur minn,
þú lít til mín
helst af þér í heimi hér
mér huggun skín
hjartans angur og hugarins pín
í hvörju sinni mitt þá dvín
er ég hugsa heim til þín,
heim til þín.

Í kvæðinu talar ljóðmælandi við Krist, trúir honum fyrir raunum sínum og lýsir heitri þrá eftir að sameinast honum í himnesku samfélagi, því að það er eina leiðin til að losna við þrautirnar og öðlast gleði og hugarró (sjá t.d. 1., 2. og 11. erindi). Margrét Eggertsdóttir hefur bent á það að konur á 17. öld hafi gjarnan ort sálma þar sem þær líkja sambandi sínu við Krist við samband brúðar og brúðguma (Margrét Eggertsdóttir 2002:389). Á þessum tíma var ekki óalgengt að karlkyns skáld ortu kvæði í orðastað kvenna, t.d. harmljóð eða kvæði til huggunar í

mótlæti.¹³ Kvæði Guðmundar fellur mjög vel að lýsingu Margrétar á efnisvali og efnistöfum kvenna á 17. öld, enda lætur skáldið konu tala í kvæðinu. Mjög áhrifamikið og sterkt brúðarmyndmál einkennir kvæðið frá upphafi til enda, þar sem ljóðmælandi er brúðurin sem þráir elsku og umhyggju brúðgumans Krists: „þú átt, Jesú, mildi mig / og mín vill sálin eiga þig“ (6. er.), „því ástin skír þar inni býr / sem ég vil ná“ (8. er.), „kom þú hingað, drottinn dýr, / dýrðar brúðguminn sætur og hýr“ (9. er.), „Jesú minn, Jesú minn, / ég er þín ... Jesú góði, ég er þín, ég er þín“ (12. er.). Í 18. erindi talar ljóðmælandi um orð Krists sem tryggðabréf sitt, en það vísar til heitorðs milli karls og konu. Á köflum er myndmálið afar ástriðuþrungið og jafnvel líkamlegt: „heldur vil ég hafa á þér / hjartans augun til yndis mér“ (16. er.), „tak þú mig í faðminn fljótt / í faðm þinn fljótt“ (20. er.), „kom þú, ljúfi lausnarinn, / lífið mitt og brúðguminn, / Jesú góði, Jesú minn, / Jesú minn“ (23. er.). Halldóra kvæðisins vinnur úr sorg sinni vegna föðrumissisins með því að segja Kristi frá sorgum sínum og leita eftir ástarsambandi við hann á hinnum, þar sem engar sorgir hrjá, og þar sem hinir látnu ástvinir dvelja (22. er.). Einungis fyrir ástarsamband við Krist getur ljóðmælandi losnað við harm sinn.

Viðtökur

Kvæðið til Halldóru Guðbrandsdóttur hefur séra Guðmundur Erlendsson væntanlega ætlast til að Halldóra syngi sér til hugarhægðar. Lagboðinn sem fylgir því er sálmurinn „Aví, aví, mig auman mann“, sem er í sálmabókinni frá 1589 og mörgum sálmabókum sem á eftir henni komu. Þessi lagboði hefur mikið verið notaður, einnig eftir að sálmurinn hafði verið felldur úr sálmabókum (Páll Eggert Ólason 1924:161).¹⁴ Annar lagboði kemur þó fyrir í einu handriti sem geymir afskrift af kvæðinu, þ.e. „Heyr mín hljóð, himna Guð, hjartað mitt“ sem er sálmur eftir Bjarna Jónsson Borgfirðingaskáld (17. öld). „Heyr mín hljóð“ var mjög vinsæll sálmur á sínum tíma og er ennþá í sálmabókum (Páll Eggert Ólason 1924:215; sbr. *Sálmabók íslensku kirkjunnar* 1997).

¹³ Hér má t.d. nefna nokkur harmljóð sem sr. Ólafur Jónsson á Söndum orti í orðastað kvenna sem höfðu misst eiginmann sinn eða móður (sjá Þórunni Sigurðardóttur 1996).

¹⁴ Lagboðinn hélst í sálmabókum lengi fram eftir 20. öld þó að sálmurinn væri þar ekki, sbr. *Sálmabók íslensku kirkjunnar* 1987:317 (nr. 320) og 319 (nr. 322).

Harmljóð Guðmundar Erlendssonar eftir systur sína hefur aftur á móti hvergi lagboða, en það er ort undir vikivakabrag. Óvíst er hvort til hefur verið lag til að syngja þetta kvæði við, en ekki er ólíklegt að menn hafi kveðið það á svipaðan hátt og rímur voru kveðnar. Í ritgerð sinni um vikivaka heldur Ólafur Davíðsson því fram að vikivakar hafi almennt fremur verið kveðnir en sungnir, þótt menn hafi ef til vill haft einhverja lagnefnu við þá. Helstu rök Ólafs eru þau að vikivakakvæðin eru með svo margvíslegum bragarháttum að varla er mögulegt að til hafi verið sitt lagið við hvern bragarhátt (Ólafur Davíðsson 1894:152).¹⁵

Bjarni Þorsteinsson telur aftur á móti í bók sinni *Íslensk þjóðlög* að nokkuð mörg lög við vikivaka hljóti að hafa verið til, þó að þau hafi ekki verið eins mörg eða margbrotin og bragarhættir kvæðanna. Menn hafi getað vikið lögnum lítið eitt við og haft sama lagið við marga svipaða bragarhætti (Bjarni Þorsteinsson 1906–1909:41–42). Síðar gaf Bjarni út lög við vikivaka og sagnadansa (Bjarni Þorsteinsson 1929). Í skrifum síðari tíma fræðimanna leikur ekki vafi á því að vikivakakvæði hafa verið sungin, ekki bara á dansleikjum heldur einnig við ýmis önnur tækifæri, enda vel fallin til söngs (Jón Samsonarson 1983:298-299 (sbr. einnig 1964); Vésteinn Ólason 1989). Hér má bæta því við að mörg hinna andlegu kvæða í Vísnaþók Guðbrands Þorlákssonar frá 1612 eru með vikivakabrag, t.d. eitt af fegurstu kvæðum hennar, „Kvæði af stallinum Kristí“ eftir séra Einar Sigurðsson í Heydölum (*Vísnaþók Guðbrands* 2000:123-125).

Harmljóð séra Guðmundar Erlendssonar eftir systur sína hef ég fundið í átta handritum (AM 148 8vo (9 erindi, 11 í öðrum hdr.), JS 232 4to, JS 207 8vo, Lbs 1055 4to, Lbs 172 8vo, Lbs 607 8vo, Lbs 736 8vo og Lbs 2366 8vo) og harmljóðið sem hann orti í orðastað Halldóru Guðbrandsdóttur í tíu handritum (ÍB 181 8vo, ÍB 196 4to, ÍB 128 8vo, JS 232 4to, JS 385 8vo, JS 23 8vo, Lbs 847 4to, Lbs 1055 4to, Lbs 607 8vo og Lbs 2194 8vo). Síðara kvæðið hefur einnig verið sett á prent. Það birtist í *Einni lítilli sálma og vísnaþók* sem gefin var út á Hólum 1757 (bl. G13v–H3v) og aftur í Viðey 1839 (bls. 104–106). Ekki er ólíklegt að mun fleiri afskriftir séu til af báðum kvæðunum því að ennþá er því miður ekki til fullkomin skrá yfir kvæði í íslenskum handritum. En sú staðreynd að kvæðin eru til í svona mörgum afskriftum bendir til þess að þau hafi höfðað til fleiri en þeirra sem tilefnið varðaði – þau hafa fengið almenna skírskotun. Til samanburðar má nefna að erfiljóð, sem

¹⁵ Þó eru til lög við ákveðin vikivakakvæði, t.d. Hoffinskvæði, sjá sömu heimild.

fjalla um líf og dyggðir ákveðins manns, eru sjaldan til í fleiri en einu eða tveimur handritum (Þórunn Sigurðardóttir 1996). Þau hafa verið bundnari tilefninu, ákveðnum einstaklingi, og því miklu síður höfðað til almennra lesenda.

Hið sama má einnig sjá af fyrirsögnum kvæðanna. Fyrirsagnir harmljóðsins eftir systur Guðmundar vísa í sumum handritum til þess af hvaða tilefni kvæðið er ort, t.d. „S.G.E. eftir systur sína“ (Lbs 172 8vo) og annars staðar segir „Eitt kvæði um ástvinamissi, ort af sál. sr. Guðmundi Erlendssyni eftir sína systur“ (Lbs 736 8vo). Í öðrum handritum heitir það aftur á móti „Kvæði um missi ástmanna“ (JS 232 4to; JS 207 8vo), eða „Enn kvæði fallett“ (AM 148 8vo). Harmljóð Halldóru Guðbrandsdóttur hefur fyrirsagnir eins og „Sálmvers nokkur send Halldóru Guðbrandsdóttur“ (Lbs 607 8vo); „Einn huggunar- og bænarsálmur tilsendur Halldóru sál. Guðbrandsdóttur af síra Guðmundi Erlendssyni“ (Lbs 2194 8vo; Ein lítil sálma og vísnabók 1757:G-13v); „Andvörpunar og eftirþreyjunar huggunarorð Halldóru Guðbrandsdóttur“ (Lbs 1055 4to). En einnig fyrirsagnir eins og „Einn ágætur sálmur“ (JS 232 4to), og „Einn huggunar- og bænarsálmur“ (JS 23 8vo). Fyrirsagnirnar gefa til kynna að kvæðin hafi ekki einungis verið notuð við það einstaka tækifæri sem þau voru ort í tilefni af, heldur hafi hver sem er getað fundið sorg sinni vegna ástvinamissis þann farveg sem kvæðin ruddu.

Niðurstöður

Á 17. öld var ætlast til þess að menn syngju sálma og andleg kvæði við hin ýmsu tækifæri í hversdagslífinu. Ein tegund slíkra kvæða voru harmljóð og huggunarkvæði sem menn gátu kveðið eða sungið sér til hugarhægðar í mótgangi. Algengt var að skáld ortu harmljóð og huggunarkvæði til að fá útrás fyrir eigin sorg en þau ortu einnig fyrir aðra sem áttu um sárt að binda vegna ástvinamissis.¹⁶ Þau tvö harmljóð Guðmundar Erlendssonar sem fjallað hefur verið um hér bera vitni um hvort tveggja. Guðmundur orti kvæði til að lina eigin sársauka vegna andláts systur sinnar og hann orti harmljóð í orðastað Halldóru Guðbrandsdóttur, henni til huggunar eftir lát föður hennar. Aðferð

¹⁶ Ekki er óalgengt að sjá yfirskriftir kvæða eins og „sálmur í ástvinamissi“ í handritum. Í handritinu ÍB 380 8vo er kvæðunum skipað niður eftir bókmenntagreinum, ein yfirskriftin er „Sálmar í ástvinamissi“ (270 o.áfr.).

skáldsins var annars vegar að þylja harmatölur úr Bibliunni og hins vegar að láta ljóðmælanda/syrgjanda fara með sorgartal. Fyrirsagnir kvæðanna vísa sumar til þess tilefnis sem kvæðið er ort út af en aðrar vísa almennt til sorgar í ástvinamissi. Bendir þetta til þess að kvæðin hafi ekki einungs þjónað tilefninu, heldur hefur hvaða syrgjandi sem er getað notað þau til að fá útrás fyrir harm sinn vegna ástvinamissis. Fjöldi afskrifta þessara kvæða í ýmsum handritum bendir til hins sama og sú staðreynd að annað þeirra birtist á prenti í kvæðabók sem inniheldur andleg kvæði og sálma. Annað kvæðið er ort undir vikivakahætti og hefur að öllum líkindum verið kveðið líkt og rímur eða sungið við eitthvert þekkt vikivakalag. Hitt hefur mjög vinsælan lagboða sem flestir hafa vafalaust þekkt og sungið. Þessi kvæði eru vitnisburður um þá hugmynd, sem finna má í heimildum frá ýmsum tímum, að tónlist og ljóðlist hafi þann eiginleika að geta linað sorgir manna og hugarangur.

Viðauki

Tvö harmljóð eftir séra Guðmund Erlendsson í Felli í Sléttuhlíð

Kvæðin eru hér skrifuð upp eftir handriti sem varðveitt er á handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns undir safnmarkinu JS 232 4to. Handritið inniheldur kvæðabók séra Guðmundar Erlendssonar, sem hann kallaði Gígju. Þessa bók skrifaði Skúli Guðmundsson, sonur skáldsins, upp árið 1688, eins og fram kemur á titilsíðu. Kvæðið sem séra Guðmundur orti til Halldóru Guðbrandsdóttur er á bl. 18r–19r en kvæðið sem hann orti eftir systur sína á bl. 124v–125v. Stafsetning er færð til nútímahorfs, svo og greinarmerkjasetning og augljós pennaglöp leiðrétt án athugasemda. Orðamunur er tekinn úr öðru aðalhandriti að kvæðabók Guðmundar, sem varðveitt er á sama stað undir safnmarkinu Lbs 1055 4to. Þar er kvæði Halldóru á bls. 251–254 en hitt á bls. 364–366. Þetta handrit skrifaði séra Markús Eyjólfsson árið 1787 eftir afskrift sem séra Jón Ólafsson á Lambavatni gerði árið 1692 af eiginhandarriti skáldsins frá 1654 (sbr. titilsíðu).

Einn ágætur sálmur. Tón: Heyr mín hljóð, himna Guð, h. m.

1. Lausnarinn, ljúfur minn,

þú lít til mín,
helst af þér í heimi hér
mér huggun skín,
hjartans angur og hugarins pín
í hvörju sinni mitt þá dvín
er ég hugsa heim til þín,
heim til þín.

2. Ég er nú sem að veist þú¹⁷
af angri tvist,
hryggð á knýr og hjartað lýr
í heimsins vist,
fyrir gleðina þá mitt geð hefur misst
ég girnist ei nema Jesúm Krist,
heim til þín er hjartað þyrst,
hjartað þyrst.
3. Öll mín tár og sorga sár
þá segi bætt,
ég sé þig, hann minn sálar mann,
er sút fær grætt,
þú veist best hvað mig hefur mætt,
mína önd og hjartað grætt
og hvað oft ég hefi hvarma vætt,
hvarma vætt.
4. Heimsins skraut þó hverfi á braut
ég hirði ei,
það er allt að vísu valt
sem vallar hey,
ástmann sælan einn ég þrey
(ekki kveð ég þar við nei)
það mun bætast þegar ég dey,
þegar ég dey.
5. Hvað skal mér ég hermi þér
frá hörmum mín,
það er óvalt að veistu allt
að vilja þín,
angrið mitt og innsta pín

¹⁷ Skr. *veistú*.

eins og ljósið fyrir þér skín
nær sem þessi neyðin dvín,
neyðin dvín.

6. Um hitt ég bið mér haldir við
um hryggða stig
það mín trú ei þverri nú
við þrauta svig,
þú átt, Jesú mildi, mig
og mín vill sálin eiga þig,
í raun þar hún á reiðir sig,
reiðir sig.
7. Hjartað þitt er hælið mitt
ég held mig þar,
undir því ég bíð og bý
sem blóðugt var,
það gefur fyrir mig gnóglegt svar,
Guðs míns reiði og syndirnar
í sinni kvöl með kvíða bar,
kvíða bar.
8. Hjartað þitt við meinið mitt
svo mjög vel á,
því ástin skír þar inni býr
sem ég vil ná,
blíðleg náð og blóðið hjá
sem bljúgsinnaða hugga má,
þetta vil ég fegin fá,
fegin fá.
9. Hjartað það sem hryggðarbað
og hrelling lýr
þitt Jesús er heilagt hús
hvar þú í býr,
kom þú hingað, drottinn dýr,
dýrðar brúðguminn sætur og hýr,
svo mun verða sorgin rýr,
sorgin rýr.
10. Lyndir mér að líkjast þér
og líða nú

okið þitt og angrið mitt
sem að vilt þú,¹⁸
haltu mér við trausta trú
til mín þér í raunum snú
miskunnsami minn Jesú,
minn Jesú.

11. Þó gráti ég hér þú geymir mér
minn gleðidag,
mæðan hvör og mótblástur
er mér í hag,
ei nú lengi undan drag
okkar himneskt samfélag,
svo að linni súta plag,
súta plag.
12. Jesú minn, Jesú minn,
ég er þín,
stytta mér stundir hér
og stöðva þín,
sæti Jesú, sálar mín,
sykur, hunang og svo vín,
Jesú góði, ég er þín,
ég er þín.
13. Þangað til ég þreyja vil
og þolinmóð
bíða þess í brjósti hress
að bætir móð,
mín aleiga einka góð,
eðla Jesú, fyrir þitt blóð,
gleð mig því ég gjörist hljóð,
gjörist hljóð.
14. Þá sálin mín ber sútar þín
á sorg er gjörn
er það ein á alla grein
mín eðla vörn
þú grætir áður en gleður hvörn,
gjörir þú svo við öll þín börn,

¹⁸ Skr. viltú.

það skal stöðva tíra tjörn,
tára tjörn.

15. HALLD Ótæpt en harla gæft
í hönd á mér
RATA sá úr mæðu má
sem með til sér,
GUÐ þitt orðið BRANDS þá ber
beitta egg sem hjartað ver,
DÓTTIR taktu þína að þér,
þína að þér.
16. Ósjón treg þó ætti ég
um ævi hér
heiminn fá að horfa á
sem hættur er,
heldur vil ég hafa' á þér
hjartans augun til yndis mér
hvörninn sem um hitt nú fer,
hitt nú fer.
17. Andann þinn í sérhvört sinn
mér send og gef,
sem hjálpar mér að halda þér
meðan hér við tef,
í þitt skjól og skaut mig vef
skaplega síðan burtför gef,
það hið fyrsta sætt ég sef,
sætt ég sef.
18. Orðið þitt er yndið mitt
í allri þín,
það tryggða bréf ég hjá mér hef
með heitum sín,
hér meðan ekki dvölin dvín,
daglegana vænti ég þín,
sefast af því sorgin mín,
sorgin mín.
19. En sem hér að höndum fer
mitt hvíldar mund,
sýn þú mér þitt síðuker

þá sáru und,
þar vil ég sofna síðsta blund,
svo er ég komin á þinn fund,
blessuð veri sú blíða stund,
blíða stund.

20. Náttúran og hold héðan
ei hugsa fljótt,
þau verða' að þjást og mjög svo mást
að missi þrótt,
um bærilega banasótt
bið ég þig og góða nótt,
tak þú mig í faðminn fljótt,
í faðm þinn fljótt.

21. Eia, Eia,
ég snart finn
alla þá sem ég vil sjá,
það er Guð minn
og hans sætasti sonurinn,
sæti Jesú, andinn þinn
og allur hinna herskarinn,
herskarinn.

22. Ég samgleðst, af sætleik seðst
með sjálfri mér
að ástmenn þeir ég unni meir
en öðrum hér
æðsta fengu yndis ver,
því allir deyja hljótum vér,
sæll er sá sem fyrstur fer,
fyrstur fer.

23. Heim þangað úr harma stað
er hugurinn,
árið hvört mér bendir burt
ég beint það finn,
kom þú, ljúfi lausnarinn,
lífið mitt og brúðguminn,
Jesú góði, Jesú minn,
Jesú minn.

1.2 þú] ÷ 1055. 3.1 sorgar 1055. 6 hjarta 1055. 7.1 Hjarta 1055. 9.1 Hjarta 1055. 20.7 tak þú] taktu 1055. 8 í faðm þinn] faðminn 1055. 22.3 ég unni] sem unni ég 1055. 5 ver] ker 1055.

Kvæði um missi ástmanna

Viðlag:

Einn fer að deyja,
annar syrgir þann;
oss má fúsum fleygja
í föður rann;
þeim er hægt að þreyja
sem engum ann.

1. Adam sakna Abels hlaut
ævi sína langa,
við þá vakna verður þraut
vildi á móti ganga,
harmar rakna hyggju skaut
hart í sundur teygja.
Einn fer að deyja.
Sældir slakna á sorgar braut,
svefns ei vel né matar naut
þá hjartað brann.
Þeim er hægt að þreyja sem engum ann.
2. Jakobs angur eitt var mest
eftir Jósep góða,
sá mótgangur fékk svo fest
fót hjá stuðli þjóða
að mundangur sá einn sést,
sig í gröf vill hneigja.
Einn fer að deyja.
Harmur strangur hjartað lest,
hafði sett í gleðinnar brest
og yndis bann.
Þeim er hægt að þreyja sem engum ann.
3. Ofan á þetta Rakel rjóð
reyrð með sóttar böndum,
á veginum slétta væn og góð

var honum sjúk á höndum,
sútir flétta sorgar móð
svo að hún varð að deyja.
Oss má fúsum fleygja.
Eykur þetta um yndis slóð
angur mest og ræmist hljóð
því grætur hann.
Þeim er hægt að þreyja sem engum ann.

4. Davíð harmar soninn sinn
sem hans hjartað unni,
hann sér barmar, bleik var kinn,
brauðs ei neyta kunni;
laugir varmar augna inn
undir kverk sig teygja.
Einn fer að deyja.
Lyndis farmar lýttu kinn,
linaði hold og vænleikinn,
sem verða kann.
Þeim er hægt að þreyja sem engum ann.

5. Job hinn góði börnin blíð,
blóma firrtur sönnum,
grét af móði, stórt var stríð,
styggðir meðtók hrönnum;
lá í blóði leiður lýð
lýtti hann húsfreyja.
Einn fer að deyja.
Hátt og í hljóði heyrði níð,
hennar ei var lundin þýð
við krankan mann.
Þeim er hægt að þreyja sem engum ann.

6. Gyðingaland var hrært með hryggð
hrópið spurðist víða,
ævigrand á Efraim byggð
ungbörn hlutu að líða;
við sorgarband með stóra styggð
og sturlun mæður þreyja.
Einn fer að deyja.
Af þeirra hand sem ljúf var lygð
lífi ræntust full af tryggð

en blóðið rann.
Þeim er hægt að þreyja sem engum ann.

7. Einn á víði fuglinn finnst
frá sem annar deyði,
hinna siði hirðir minnst
hugsar lítt á veiði,
svo í friði söngva binst,
situr og er að þreyja.
Einn fer að deyja.
Er á skriði angrið innst
ætið meðan lífið vinnst
um rænu rann.
Þeim er hægt að þreyja sem engum ann.

8. Munur ekki meiri en sá
meina ég verða kunni,
sældar bekki að sitja' upp á
og syngja glatt með munni,
eða hrekki hryggðar fá
sem hrella menn og beygja.
Einn fer að deyja.
Máske þekki margur þá
mín til klekki eftir á
því nóg til vann.
Þeim er hægt að þreyja sem engum ann.

9. Ráðið glæst sá reyndur er
rétt vel skyldi grunda,
Krist við æðstan koma sér
og kærleik hans að stunda;
bót er næst þá bölið sker
börn Guðs plaga að segja.
Einn fer að deyja.
Skinið læst í skýjum fer,
skjótt þó næst það sjáum vér
þá hitt frá rann.
Þeim er hægt að þreyja sem engum ann.

10. Reynir þína menn sú mest
manna bann að hljóta,
mein er fin ef fékk mann fest

fljóðin rjóð ei njóta,
kvein þau sýna kinna brest
ef kvendin fara að deyja.
Oss má fúsum fleygja.
Einir rýna í það flest
sem eykur veikan lyndis brest
um krankan mann.
Þeim er hægt að þreyja sem engum ann.

11. Föður góðan missa með
mun og örðugt heita,
öðlast síðan angrátt geð
undir hvarma sveita;
móður og blíða betri en féð
beint hvör mætti segja.
Einn fer að deyja.
Bróður líða lát er skeð,
ljóðin bíða systur geð,
þér æ ég ann.
Þeim er hægt að þreyja sem engum ann.

1.9 matar] fæðu 1055. 10 þá] því 1055. 2.8 Harmur strangur]
harmastrengur 1055. 3.2 sóttar] sorgar 1055. 6 svo að] svo 1055. 9
ræmist] ræmir 1055. 4.6 teygja] beygja 1055. 9 linaði] linuðu 1055.
6.5 við] með 1055. með] við. 7.6 þreyja] þegja 1055. 9.2 vel] það
1055. 3 æðstan] hæstan 1055. 7 einn-deyja] Oss má fúsum fleygja
1055. 9 næst] fæst 1055. 11.7 einn-deyja] Oss má fúsum fleygja
1055.

Heimildir:

Handrit

AM 148 8vo. Sjá *Kvæðabók úr Vigur*.

ÍB 70 4to
ÍB 128 8vo
ÍB 181 8vo
ÍB 380 8vo
ÍB 816 8vo

JS 232 4to

JS 23 8vo

JS 207 8vo

Lbs 837 4to

Lbs 1055 4to

Lbs 2030 4to II

Lbs 172 8vo

Lbs 607 8vo

Lbs 736 8vo

Lbs 1158 8vo

Lbs 2194 8vo

Lbs 2366 8vo

Prentaðar heimildir

Ariés, Philippe. 1981. *The Hour of Our Death*. Þýð. Helen Weaver. New York: Alfred A. Knopf. [Fyrst gefið út á frönsku 1977: *L'Homme devant la mort*].

Ásdís Egilsdóttir. 1990. Um Margrétar sögu meyjar. *Merki krossins* 2:1–16.

Ásdís Egilsdóttir. 2002. St. Margaret patroness of childbirth. *Mythological Women. Studies in Memory of Lotte Motz 1922–1997*. Ritst. Rudolf Simek og Wilhelm Heizmann. *Studia Mediaevalia Septentrionalia* 7. Vín, Fassbaender.

Biblían. Heilög ritning. 1981. Ný útgáfa. Reykjavík: Hið íslenska Bibliúfélag.

Bjarni Þorsteinsson. 1906–9. *Íslenzk þjóðlög*. Kaupmannahöfn: Gefin út á kostnað Carlsbergssjóðsins.

Bjarni Þorsteinsson. 1929. *Íslenzk vikivakalög og önnur íslenzk þjóðlög*. Reykjavík.

Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933. Íslenzk fornrit II. Sigurður Nordal gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Ein Lijtil Psalma og Visna Book ... 1757. Hálfðan Einarsson gaf út. Hólum. [Sjá einnig *Sú Litla Sálma og Visna Bók*].

Ein Ny Wiisna Bok. 1612. Hólum. Sigurður Nordal gaf út í ljósprenti. *Monumenta typographica islandica* 5. Kaupmannahöfn: Levin & Munksgaard, 1937. Sjá einnig *Vísnaþók Guðbrands*.

- Finnbogi Guðmundsson. 1993. Ein kvæðabók ort af Séra Ólafa Sál. Jónssyne á Söndum m.h. síra Hjalta Þorsteinssonar í Vatnsfirði ÍB. 70 4to. *Landsbókasafn Íslands. Árbók 1992* 18:5–17.
- Guðbrandur Þorláksson. [1589]. Formale. Aullum Fromum og Gudhræddum Íslands Innbyggjörum ... *Ein ny Psalma Bok, Med morgum Andligum psalmum* ... Hólum.
- . 1612. Formale. *Ein Ný Wiisna Bok* ... Hólum.
- . 1972. Formáli Guðbrands biskups Þorlákssonar fyrir Sálmaþóki 1589. Magnús Guðmundsson prófastur færði til nútíðar stafsetningar. *Kirkjuritið* 38/2:124–30.
- Íslendingabók. Landnámabók*. 1968. Íslensk fornrit I. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Jón Helgason. 1955. Inngangur. *Kvæðabók úr Vigur. AM 148, 8vo*. Íslensk rit síðari alda. 2. flokkur. Ljósprentanir. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Jón Ólafsson úr Grunnavík. 1996. *Hagþenkir. JS 83 fol*. Þórunn Sigurðardóttir sá um útgáfuna og ritaði inngang. Reykjavík: Góðvinir Grunnavíkur-Jóns og Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna.
- Jón Samsonarson. 1964. *Kvæði og dansleikir II*. Jón Samsonarson gaf út. Íslensk þjóðfræði. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Jón Samsonarson. 1983. Vikivakakvæði. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, 298–299. Jakob Benediktsson ritst. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Mál og menning.
- . 1982. Sorgarljóð og gleðikvæði prestsins á Árskógsströnd. *Gripla* 5:7–34.
- Jón Steffensen. 1975a. Margrétar saga og ferill hennar á Íslandi. *Menning og meinsemdir*, 208–215. Reykjavík: Sögufélagið. [Fyrst prentað í *Læknablaðinu* 1965:14–20].
- . 1975b. Hugleiðingar um Eddukvæði. *Menning og meinsemdir*, 194–207. Reykjavík: Sögufélagið. [Fyrst prentað í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1968:26–38].
- Jón Þorkelsson. 1888. *Om Digtingen på Island i det 15. og 16. århundrede*. Kaupmannahöfn: Andr. Fred. Høst & Søns Forlag.
- Jónas Jónasson frá Hrafnagili. 1911. Um fæðingu og dauða í þjóðtrú Íslendinga. *Festskrift til H.F. Feilberg fra nordiske sprog- og folkemindeforskere på 80 års dagen den 6. august 1911*. Kaupmannahöfn: Gyldendalske Boghandel, Nordisk Forlag.
- Kvæðabók úr Vigur. AM 148, 8vo. Ljósprentaður texti*. 1955. Íslensk rit síðari alda. 2. flokkur. Ljósprentanir. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

- Magnús Jónsson. 1947. *Hallgrímur Pétursson. Æfi hans og starf I*. Reykjavík: Leiftur.
- Margrét Eggertsdóttir. 2000. Sálmar og daglegt líf. *Kristni á Íslandi III. Frá siðskiptum til upplýsingar, 184–193*. Loftur Guttormsson ritst. Reykjavík: Alþingi.
- Margrét Eggertsdóttir. 2002. „Brúðguminn – með blómleik sinn.“ Ímynd Krists og sjálfsmynd kvenna í trúarlegum kveðskap eftir siðskipti. 2. *Íslenska söguþingið 30. maí – 1. júní 2002*. Ráðstefnurit I, 386–393. Ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands og Sögufélag.
- Ólafur Davíðsson. Vikivakar. *Íslenzkir vikivakar og vikivakavæði*, 6–95. Ólafur Davíðsson hefir samið og safnað. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.
- Páll Eggert Ólason. 1922. *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi II*. Reykjavík: Bókaverzlun Guðm. Gamalielssonar.
- . 1924. *Upptök sálma og sálmalaga í lútherskum sið á Íslandi*. Reykjavík: [Háskóli Íslands]. Fylgir Árbók Háskóla Íslands 1924.
- . 1926. *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi IV*. Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar.
- . 1949–1951. *Íslenzkar æviskrár II–IV*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Pétur Sigurðsson. 1923–24. Vísnaþók Guðbrands biskups. *Iðunn*. Nýr flokkur 8:61–87.
- Sálmabók íslensku kirkjunnar*. 1987. Reykjavík: Kirkjuráð.
- Sálmabók íslensku kirkjunnar*. 1997. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.
- Seven Old English Poems*. 1981. Útg. John C. Pope. New York og Lundúnum: W.W. Norton, 1981.
- Sigurjón Einarsson. 1960. Séra Ólafur á Söndum. *Skírnir* 134:74–128.
- Sú Litla Sálma og Vísna Bók ... 1839*. Magnús Stephensen gaf út. Viðey 1839.
- Sýnisbók íslenskra bókmennta til miðrar átjándu aldar*. 1953. Sigurður Nordal o.fl. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar.
- Thompson, Denys. 1978. *The uses of poetry*. Cambridge, Lundúnum, New York, Melbourne: Cambridge University Press.
- Vésteinn Ólason. 1989. Vikivakavæði. *Íslensk þjóðmenning VI*, 390–400. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Vísnaþók Guðbrands*. 2000. Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna. Inngangur og skýringar eftir Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.

- Þórunn Sigurðardóttir. 1996. *Tvær bókmenntagreinar á sautjándu öld. Lúterska erfiljóðið og harmljóðið*. Ritgerð til MA-prófs í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands. Óbirt ritgerð á Háskólabókasafni.
- . 1997. Erfiljóðahefðin á 17. öld og Hallgrímur Pétursson. *Hallgrímsstefna, 87–97*. Ritstjórar Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir. Reykjavík: Listvinafélag Hallgrímskirkju.
- . 2000. Erfiljóð. Lærð bókmenntagrein á 17. öld. *Gripla XI*:125–180.